

Til þess er málið varðar.

Þetta bréf er ritað til staðfestingar um að Magni Rúnar Kristinsson hefur hlotið **1.000.000 kr** í úttekt á tækjabúnaði fyrir stuttmynd sína "Dauður". Um er að ræða gífurlega metnaðarfullt verkefni sem mun vafalaust ferðast á kvikmyndahátíðir um evrópu og staðsetja Magna sem efnilega og upprennandi rödd í íslenskri kvikmyndagerð. Tækjabúnaðurinn sem um ræðir er 16mm ARRI sr3 upptökuvél, Zeiss Superspeeds og helstu fylgihlutir í 4 daga tökutímabil. Sagan og metnaður hans fyrir verkefninu hefur hrifið okkur og við hjá Sensor erum spennt fyrir að aðstoða hann við að koma þessu verki á hvíta tjaldið. Ásamt því að útvega honum tækjabúnað munum við hjá Sensor vera honum innan handar við það að framleiða, skjóta og eftirvinna myndina. Við búum yfir mikilli þekkingu þegar kemur að gerð og dreifingu kvikmyndaverkefna og sjáum mikla möguleika í stuttmyndinni á alþjóðlegum vettfangi. Við hjá Sensor höfum mikla trú á Magna sem höfund og erum stolt af því að styrkja hann í þessu verkefni.

Mbk.

Erlendur Sveinsson (Framkvæmdastjóri Sensor ehf)

Erlendur Sveinsson